

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 3. febrúar 2022
Fjarfundur á TEAMS
Kl. 09-11

Mætt:

Þórir Guðmundsson formaður, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka, Rauða krossinum á Íslandi, Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Bergþór Ólason, Miðflokki, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka, Barnaheill - Save the Children á Íslandi, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins, ASÍ, Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum Atvinnulífsins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka, ABC barnahjálp, Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka, SOS barnaþorpum, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins, GRÓ-LRT, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka, UN Women á Íslandi.

Hluta fundarins sátu að auki:

Nína Björk Jónsdóttir, Forstöðumaður GRÓ og Erla Hlín Hjálmarsdóttir, deildarstjóri árangurs og úttekta, utanríkisráðuneytinu.

Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Jakob Frímagn Magnússon, Flokki fólksins, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni boðuðu forföll.

Nefndarritari: Sóley Ásgeirsdóttir

1. Fundur settur (kl. 09:03-09:05)

Formaður bauð fulltrúa velkomna á fyrsta fund ársins 2022 og lagði fram fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Í tengslum við umræður á síðasta fundi um Sierra Leone benti nefndarmaður á að sérstaklega væri kveðið á um ráðgjafarhlutverk nefndarinnar varðandi val á samstarfslöndum og þau verkefni sem lagt væri upp með í tvíhliða þróunarsamvinnu. Fundargerð var samþykkt.

2. Starf GRÓ þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu (kl. 09:05-10:07)

Forstöðumaður GRÓ fór yfir markmið og verkefni GRÓ þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu sem tók til starfa 1. janúar 2020 undir merkjum Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Miðstöðin fellur undir utanríkisráðuneytið sem sinnir eftirliti og umsýslu með framlögum til miðstöðvarinnar.

GRÓ vinnur að því að styrkja færni og þekkingu stofnana, samtaka og einstaklinga sem starfa í þróunarlöndum. Miðstöðinni er ætla að nýta íslenskt þróunarsamvinnufé sem best og hámarka samlegðaráhrif og skilvirkni á verkefnasviðunum í samræmi við stefnumál og áherslur UNESCO. Með því að starfa saman eru mjög spennandi tækifæri til að efla skólana fjóra og þróa áfram og þannig nýta þróunarsamvinnufé á sem skilvirkastan og bestan hátt.

Undir GRÓ starfa fjórir skólar sem áður voru hluti af neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU).

- Jarðhitaskólinn (GRÓ-GTP) stofnaður 1979. Vinnur að aukinni nýtingu jarðhita.
- Sjávarútvegsskólinn (GRÓ-FTP) stofnaður 1997. Vinnur að verndun og sjálfbærri nýtingu lífríkis hafs og vatna.
- Landgræðsluskólinn (GRÓ-LRT) stofnaður 2007. Vinnur að endurheimt og sjálfbærri nýtingu lands.
- Jafnréttisskólinn (GRÓ-GEST) tók til starfa 2009. Vinnur að auknu jafnrétti kynjanna, félagslegu réttlæti og friðaruppbyggingu.

Helstu verkefni skólanna eru listuð upp í reglugerð um GRÓ nr. 1260/2019. Þekktasti hluti starfseminnar er 5-6 mánaða þjálfun nemenda. Sérfræðingar koma til Íslands og fá þjálfun bæði frá íslenskum sérfræðingum sem og erlendum kennurum. Alls hafa útskrifast 1486 nemendur frá því að elsti skólinn tók til starfa árið 1979. Nemendur geta sóst eftir styrkjum til að stunda framhaldsnám við íslenska háskóla með skólalstyrk frá GRÓ. Alls hafa 95 lokið meistaraþáttu og 18 doktorsprófi. Að auki halda skólarnir námskeið á vettvangi sem rúmlega 3000 hafa sótt og hafa netnámskeið þeirra einnig notið vinsælda.

Mikill áhugi er á GRÓ innan UNESCO en skólarnir vinna allir að framgangi fjölmargra heimsmarkmiða ásamt því að efla vistkerfi og gera samfélögum kleift að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Gerð var úttekt árið 2017 sem sýndi þróunaráhrifin sem skólarnir hafa skilað á einstaklinga, stofnanir og fyrir löndin þeirra. T.d. kom í ljós að fjórði hver nemandi hefur ráðlagt þeim sem móta stefnur í heimalandi sínu og fimmti hver hefur komið beint að stefnumótun í heimalandi. Við undirbúning á stofnun GRÓ voru gerðar fjárhagsúttektir á skólunum árin 2019 og 2020. Í kjölfarið voru gerðir nýir þjónustusamningar við hýsistofnanir skólanna þar sem var skerpt var á markmiðum og umgjörð skólanna, sem og fjárveitingum til þeirra og eftirfylgni með þeim. Frá stofnun GRÓ hefur verið unnið að ýmsum ábendingum sem komu fram í þessum úttektum. Gerð verður fjárhagsúttekt á skólunum á árinu 2022 ásamt annarri úttekt 2023 sem mun einblína á starfsemi og umfang.

Nefndarfulltrúar þökkðu fyrir góða yfirferð og fögnuðu að til standi að taka út starfsemi miðstöðvarinnar sem og skólanna á næstu tveimur árum. Einnig voru nefndarfulltrúar ánægðir með þær upplýsingar sem koma fram á heimasíðu GRÓ, einkum hvað varðar kortlagningu fyrrum nemenda og núverandi störf þeirra.

Spurt var um fjármögnun, þá hvort hún komi að mestu eða öllu leiti frá ríkinu og hvort skólarnir hafi markvisst farið í að fá fjármagn frá öðrum aðilum, t.d. erlendis frá eða einkaaðilum hérlendis. Einnig var spurt hvort rætt hafi verið að fjölga skólunum eða þeim sviðum sem GRÓ vinnur á. Svareð var að meginhluti fjárveitinga komi frá utanríkisráðuneytinu en jafnframt geta skólarnir aflað sértekna eftir öðrum leiðum og sé það eitt að markmiðum skólanna að auka við þetta fjármagn. Jafnréttisskólinn á t.d. í samstarfi við ERASMUS og Jarðhitaskólinn í samstarfi við jarðhitafyrirtæki í Kenía. Gætt er að aðgreiningu fjármagns, einkum í ljósi þess hvað má telja fram til þróunarsamvinnu og hvað ekki. Bentu nefndarfulltrúar á stórt verkefni UN Women varðandi kynslóð jafnréttis sem gæti m.a. nýst Jafnréttisskólanum til samstarfs en þar skapast tækjari til að sækja fjármagn í sjóði.

Fulltrúar vöktu athygli á tengingum milli félagasamtaka og nemenda vegna ýmissa verkefna en forstöðumaður GRÓ ásamt forstöðumönnum ólíkra skóla vilja gjarnan vera upplýst um slíkar tengingar.

Gerð var athugasemd við nafn miðstöðvarinnar „Þekkingarsetur um þróunarsamvinnu“ sem er ekki sama nafn og birt er á ensku gagnvart UNESCO. Því var svarað að fullt nafn á ensku hefði þótt full langt, væri það þýtt beint, og því hafi verið ákveðið að nota styttra heiti á íslensku.

Nefndarmenn bentu á að fjármagn til GRÓ og skólanna fjögurra telji um 8-10% af framlögum Íslands til þróunarsamvinnu en mikill hluti þessa fjármagns telst til innanlandskostnaðar sem væri á skjön við stefnu um að þróunarsamvinna ætti að beinast að fátækustu ríkjum heims. Vakin var athygli á miklum kostnaði við rekstur skólanna, t.d. ef borinn saman við fjárveitingar til kennslu innan HÍ. Einnig þyrfti að skoða að samræma starf skólanna við aðra kennslu á háskólastigi og þannig auka samskipti nemendanna við aðra nemendur í námi hér á landi. Var bent á að nemendur úr Jafnréttisskólanum útskrifist frá deild erlendra tungumála og menningar á hugvísindasviði en ekki frá félagsvísindasviði. Þetta hafi m.a. leitt til að margir helstu íslenskra fræðimanna á sviði jafnréttis- og félagsvísinda við HÍ kæmu ekki að kennslu í Jafnréttisskólanum. Í því samhengi var upplýst um samstarf Landgræðsluskólans og Landbúnaðarháskólans þar sem skólinn fellur innan deildar landgræðslu og að kennarar komi aðallega frá þessum tveimur stofnunum. Varðandi GRÓ og fátækustu ríki þá er áhersla á fátækustu ríki heims (LDCs) og reynt að hafa hlutfall nemenda þaðan sem hæst. Einkum er horft til ríkja sem eiga við þær áskoranir sem unnið er að í skólunum eða sem hafa t.d. háhitavæði í tilfalli Jarðhitaskólans og sem geta nýtt sér þá þekkingu. Fátækustu ríki heims, lönd í Afríku og smá-eyþróunarríki (Small Islands Developing States) eru áhersluríki bæði hjá Íslandi og UNESCO og eru hlutföll nemenda frá þessum svæðum sérstaklega skoðuð.

Einnig var bent á að skólarnir eigi í samstarfi við fleiri stofnanir á Íslandi en hýsistofnanir. Ákveðnar sérfræðilínur í Sjávarútvegsskóla GRÓ eru t.d. kenndar við MATÍS, Háskólann á Akureyri og Háskólann á Hólum. Hvöttu nefndarfulltrúar til samstarfs við aðra háskóla svo sem Bifröst. Tekist hafi vel að nýta sérstöðu Íslands á sérsviðum skólanna í þróunarsamvinnu.

Hefur nefndinn áhuga á að kynnast starfi skólanna enn frekar ásamt því að halda umræðu um fjármögnun og hlutfall áfram.

3. Tilnefning á varamanni í stjórn GRÓ (Kl. 10:07-10:19)

Í kjölfar umræðu um GRÓ var tekin fyrir tilnefning þróunarsamvinnunefndar til varamanns í stjórn GRÓ. Formaður vakti athygli á því að þróunarsamvinnunefnd tilnefnir eingöngu fulltrúa til setu í stjórn GRÓ en endanleg skipun er í höndum utanríkisráðherra.

Á síðasta fundi var nafn Geirs Gunnlaugssonar borið upp sem tilnefning fulltrúa af karlkyni til setu varafulltrúa í stjórn. Hefur Geir dregið nafn sitt til baka. Í hans stað lagði formaður til að Ragnar Schram yrði tilnefndur sem varafulltrúi. Var hans tilnefning samþykkt. Guðrún Margrét Guðmundsdóttir var kjörin aðalfulltrúi á síðasta fundi og hefur nú verið skipuð til stjórnarsetu.

Undir þessum dagskrárlið vakti nefndarfulltrúi athygli á því að forstöðumaður GRÓ hafi ekki yfirgefið fundinn eftir kynninguna og því setið þegar umræður fóru fram. Því þurfi að skerpa á hæfisreglum um setu á fundum og umræðu innan nefndarinnar.

4. Úttektaáætlun 2022 og úttektir 2021 (Kl. 10:19-10:53)

Deildarstjóri árangurs og úttekta í utanríkisráðuneytinu fór yfir úttektir tengdar þróunarsamvinnu sem gerðar voru á árinu 2021 ásamt því að ræða um helstu úttektir sem eru á dagskrá árið 2022.

Unnið er eftir úttektarstefnu Íslands fyrir 2020-2023 þar sem markmið og framkvæmd úttekta eru skilgreind í samræmi við alþjóðlegt verklag og kröfur OECD/DAC um úttektir. Deild árangurs og úttekta er ábyrg fyrir framkvæmd og heyrir hún beint undir ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Gefnar eru út árlegar úttektaáætlanir, áhersla er lögð á óháðar úttektir og opinberar birtingar, eftirfylgni úttekta og heildstæð sýn á þróunarsamvinnu Íslands.

Allar upplýsingar um úttektir, bæði þeim sem nú þegar er lokið ásamt yfirstandandi úttektum og áætlunum má nálgast [hér](#).

Fulltrúar þökkðu fyrir góða yfirferð og fögnuðu starfi deildarstjóra. Einkum voru fulltrúar ánægðir með vaxandi þekkingu á úttektum og árangri innan ráðuneytisins, greinileg þekking og aðferðafræði væru til staðar. Væri þessi nálgun til fyrirmyndar og til hámarks á þróunarsamvinnufé. Einnig væri gott að sjá að á dagskrá væru úttektir á verkefnum sem nú þegar er lokið en aldrei voru tekin út. Aukin áhersla á það að draga lærdóm af úttektum væri til fyrirmyndar. Bent á að huga þurfi að því að kostnaður við og umfang úttekta leiði ekki til íþyngjandi umsýslu við framkvæmd verkefna sem sum hver væru smá í sniðum.

Spurt var um aðkomu utanríkisráðuneytisins að úttektum á verkefnum sem kostuð eru af þróunarsamvinnufé, einkum verkefni sem snúa að umsýslu í kringum hælisleitendur og fólks á flóttu. Því var til svarað að utanríkisráðuneytið hefði ekki umboð til þess þar sem þessir málaflokkar væru á borði annarra ráðherra og forstöðumanna stofnanna samkvæmt þeirra lögbundna hlutverki. Þó hafi komið fram gagnlegar ábendingar varðandi frekari úttektir á þessu sviði í sérstakri fjárhagsúttekt sem utanríkisráðuneytið leiddi á síðasta ári.

Varðandi úttekt á GRÓ spurðu fulltrúar út í fyrirkomulag úttektarinnar þá einkum hvort ekki eigi að skoða umgjörð miðstöðvarinnar samhliða könnun á starfi skólanna fjögurra. Stofnanafyrirkomulag GRÓ verður tekið út árið 2023 þar sem horft verður á heildarramma miðstöðvarinnar sem og stuðnings ráðuneytisins.

Fulltrúar veltu upp starfi úttekta í tengslum við fyrirkomulag þróunarsamvinnu. Hvort umræður væru til staðar um að styrkja úttektir enn frekar og á sama tíma stýra fjármagni til annarra aðila til að framkvæma stefnu Íslands í þróunarsamvinnu (svo sem félagasamtök eða alþjóðastofnanir af ýmsu tagi). Rík áhersla er lögð á beina línu deildar úttekta og árangurs til ráðuneytisstjóra og voru athugasemdir varðandi staðsetningu einingarinnar teknar til greina. Að mörgu væri að huga í þessu samhengi. Var það einnig nefnt að nefndin taki upp umræðu um það hvernig hámarka megi framlög Íslands á sviði þróunarsamvinnu til að ná sem bestum árangri. Þá velti fulltrúi ráðuneytisins því upp að annað fyrirkomulag væri mögulegt, svo sem að úttektir færu fram á vettvangi Ríkisendurskoðunar.

Óskað var eftir nánari umræðu þar sem aðferðafræði úttekta væri rædd, hvernig ferill þeirra er mótaður og fleira. Nefndi fulltrúi utanríkisráðuneytisins dæmi frá úttekt í Tógó þar sem úttektarteymi er samansett af 4-6 staðráðnum sérfræðingum. Teymið mótar aðferðafræðina en utanríkisráðuneytið hefur lokasamþykki á öllum ferlum og gögnum. Mikilvægt sé að aðili innan

ráðuneytisins þekki aðferðafræði og fleira á bakvið úttektir en OECD-DAC veitir ramma fyrir úttektir og er farið eftir honum.

Formaður þakkaði fyrir góða yfirferð og upplýsti fulltrúa um að til stæði að einstaka úttektir gætu komið til umræðu samhliða umræðu um viðkomandi málefni á hverjum fundi fyrir sig.

5. Önnur mál (kl. 10:53-11:00)

Fór formaður yfir drög að starfsáætlun nefndarinnar næstu mánuði. Áætlað er að funda mánaðarlega á föstudagsmorgnum fram til júní í það minnsta. Að loknu sumarfríi er stefnt að því að taka upp fundi í september. Tímasetning, föstudagsmorgnar, er í samræmi við upplýsingar frá nefndasviði Alþingis en föstudagar eru einu dagar vikunnar þar sem ekki eru fastir fundir. Næsti fundur nefndarinnar er áætlaður föstudaginn 25. febrúar.

Í kjölfar umræðu frá síðasta fundi, að frumkvæði félagasamtaka, hefur verið boðað til fundar 17. mars til að ræða reiknireglu DAC og aðra ferla í kringum innanlandskostnað þróunarsamvinnu. Hefur þróunarsamvinnunefnd fengið sérstakt fundarboð en fundurinn verður ekki undir hatti nefndarinnar.

Fundi lokið kl. 11:00